

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út þrjú starfsleyfi fyrir bikbirgðastöðvar Vegagerðarinnar. Starfsleyfin er gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Stöðvarnar eru á Ísafirði, Sauðárkróki og Reyðarfirði og starfsleyfin fela í sér heimildir til að geyma bik (bitumen) eða önnur þau olíuefni sem eru ætluð til malbiks- og olíumalarframleiðslu.

Starfsleyfin öðlast þegar gildi og gilda til 19. mars 2031.

Umhverfisstofnun, 1. júní 2015.

Gunnlaug H. Einarsdóttir,
staðgengill forstjóra.

Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri.